

Hugvekja um ofbeldi 31 des 2014

Flestir eru væntanlega sammála um, að ofbeldi sé andstyggilegt, hver sem á í hlut. Ofbeldið á margar ásjónur. Er réttlætánlegt, deyði kona karl (það gerist), að staðhæfa, að allar konur séu ofbeldismenn í stríði gegn karlkyninu? Hvers vegna er miklu minna fjallað um ofbeldi kvenna en karla? Veistu t.d. hvað umönnunarofbeldi er (Munchhausen by proxy)? Það er ofbeldissérgrein kvenna gegn börnum. Konur eru nær einráða á uppeldisstofnunum fyrir yngri börn. Börnum, sem alast að mestu upp með mæðrum sínum, hefur fjölgað geysilega um hinn vestræna heim. Er það ljós í ofbeldismyrkrinu? Mun uppeldi þeirra stuðla að minna ofbeldi? Vona það! Er það affarasælt, þegar leitað er skilnings á ofbeldisfullu sambandi karls og konu, að leita orsakar í eðlislægum kvenfjandskapi viðkomandi karls? Sjaldan veldur einn, þá er tveir deila. Einhvers konar ofbeldi kemur fyrir í flestum samböndum. Endurteknar rannsóknir fræðimanna benda eindregið til, að um líkamlegt ofbeldi sé svo til jafnt á komið með kynjunum. Eru konur almennt virkilega fórnarlömb karla almennt? Varla allar þær konur, sem tala fallega um ástmenn, syni, eiginmenn, feður og karlvini. Ég er svo lánsamur að þekkja margar af þeirri tegund. Hvað um þig? Í þeirri von, að ég (og Jenný frænka) hafi eignast liðsmann til stuðnings baráttunni við hið ofbeldisfulla í mannlegri náttúru (kven- og karlegri), býð ég hamingjusamt nýtt ár.